



Framkvæmda- fréttir 27. tbl. /07



Hringvegur (1) í Jökuldal. Framkvæmdir: Ármótasel - Skjöldólfsstaðir. Sjá einnig mynd bls. 3.



G. Pétur Matthíasson
upplýsingafulltrúi
Vegagerðarinnar
skrifar

Breiðari vegi, takk
Viðhorf almennings
til þjóðveganna

Fólk vill fyrst og fremst sjá breiðari vegi samkvæmt viðhorfskönnun Gallups um afstöðu almennings til þjóðvega landsins. Gallup vinnur könnun um viðhorf fólks tvisvar á ári, sumar og vetur. Að þessu sinni fór könnunin fram í seinni hluta ágúst-

mánaðar, úrtakið var 1.350 manns á aldrinum 16 til 75 ára valdir af handahófi úr þjóðskrá, svarhlutfall 62 prósent.

Spurt var meðal annars „Hvað af eftirtöldu viltu helst bæta á þjóðvegum landsins: (Auka við bundið slitlag, bæta málun á bundnu slitlagi, fjölga viðvörunarmerkjum, slétta vegi, breikka vegi eða viltu helst bæta eitthvað annað á þjóðvegum landsins)? (mynd 1)

Niðurstaðan var afgerandi, nærri 61 prósent vilja breiðari vegi, rúm 19 prósent vildu auka við bundið slitlag, rúm 7 prósent slétta vegi og tæp 5 prósent fækka einbreiðum brúm. Ef skoðuð er þróunin á sex árum kemur í ljós að sífellt fleiri segjast vilja sjá breiðari vegi en þeim fækkar stöðugt sem leggja áherslu á að auka við bundið slitlag. Þetta kemur ekki


framhald á næstu síðu

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 27. tbl. 15. árg. nr. 481 29. okt. 2007


Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar
Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is


Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Mynd 1. Spurning 3. Hvað af eftirtöldu viltu helst bæta á þjóðvegum landsins: (Auka við bundið slitlag, bæta málun á bundnu slitlagi, fjölga viðvörumerkjum, slétta vegi, breikka vegi eða viltu bæta eitthvað annað á þjóðvegum landsins.



Mynd 2. Spurning 2. Finnst þér þjóðvegir á Íslandi almennt vera góðir eða slæmir.



Mynd 3. Spurning 1. Ertu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 22. okt. 2007. Búið er að sprengja 2.640 m í Siglufirði og 1.812 m í Ólafsfirði.

Mislæg vegamót Hringvegjar (1) (Suðurlandsvegjar) og Þrengslavegjar (39). Þétt umferð stórra bíla.

framhald af forsiðu

á óvart því með aukinni umferð stærri flutningabíla á þjóðvegakerfinu eykst þörfin fyrir breiðari og betri vegi.

Gallup spurði líka hvort fólki finndist þjóðvegirnir á Íslandi almennt vera góðir eða slæmir. Flestum, eða rúmum 43 prósentum, finnst þjóðvegirnir vera slæmir, tæp 39 prósent telja hinsvegar að þeir séu góðir en rúm 18 prósent svöruðu að þeim finndist þeir hvorki góðir né slæmir. (mynd 2) Ef litið er á svör við þessari spurningu sex ár aftur í tímann sést á meðaltalinu að heldur fleiri telja í ár að vegirnir séu betri en verri. Samt eru heldur færri síðastliðin þrjú ár sem telja vegina góða en árin þrjú þar á undan.

Meirihluti almennings er jákvæður gagnvart Vegagerðinni, eða 57 prósent. Fimmtungur eða tæp 20 prósent eru neikvæð gagnvart Vegagerðinni en rúm 23 prósent hvorki jákvæð né neikvæð (mynd 3). Ef litið er á svör almennings við þessari spurningu aftur í tímann sést að viðhorf almennings til Vegagerðarinnar fer versnandi. Meðaltalið í ágúst 2003 var 7,2 en síðan hefur þetta hlutfall farið minnkandi í hverri könnuninni á fætur annarri og er nú 6,1. Það er hugsanlegt að það breytist með bættu vegakerfi þótt þar séu ærin verk að vinna á næstu árum og Vegagerðin hefur varla við kröfum nútímans um betri vegi og greiðari samgöngur. Það er að minnsta kosti ljóst að almenningur vill sjá breiðari vegi sem fyrst. □



Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir. Verktaki: Héraðsverk ehf. Þessi nýi vegur liggur norðan Gilsár og kemur í stað núverandi vegar um Arnórsstaðamúla. Samkvæmt útboðsauglýsingu skal verki lokið 1. ágúst 2008. Þar með verður komið samfellt bundið slitlag á Hringveg, frá Reykjavík og norður um til Egilsstaða. Myndir: Hafdis E. Jónsdóttir 21. október. 2007.

Niðurstöður útboða

Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes

07-070

Tilboð opnuð 23. október. Endurbygging Eyjafjarðarbrautar vestri á um 4,1 km. kafla milli Sólgarðs og Nes. Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	14.700 m ³
Neðra burðarlag	18.800 m ³
Efra burðarlag	6.450 m ³
Stálröraræsi	183 m
Tvöföld klæðing	28.500 m ²
Frágangur fláa	41.500 m ²
Girðingar	800 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6 G. Hjálmarsson hf., Akureyri	53.600.000	148,2	17.600
5 Dalverk ehf., Dalvík	49.976.200	138,2	13.976
4 Ístrúkkur ehf., Kópaskeri	40.241.450	111,3	4.241
3 Fjörður ehf., Skagafirði	36.672.600	101,4	673
--- Áætlaður verktakakostnaður	36.170.000	100,0	170
2 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	36.147.000	99,9	147
1 Icefox á Íslandi ehf.	36.000.000	99,5	0

Síðasta áminning !

Rannsóknir Vegagerðarinnar 2007, ráðstefna á Hótel Nordica 2. nóvember


Þróunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir árlegri rannsóknaráðstefnu sinni 2. nóvember á Hótel Nordica. Þetta er í sjötta sinn sem rannsóknaráðstefnan er haldin. Kveðið var á í vegalögum að 1% af mörkuðum tekjum til vegamála skuli renna til rannsóknar- og þróunarstarfs og er ráðstefnunni ætlað að endurspeglar afrakstur hluta þess starfs. Skráning fer fram á vefnum www.vegagerdin.is og lýkur 30. október !

Héðinsfjarðargöng


Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk hægt í viku 42. Frá Siglufirði voru sprengdir um 23 metrar en hluta vikunnar var unnið við bergþéttingar auk þess sem nú er unnið við gerð neyðarútskots. Lengd ganga þeim megin frá er nú um 2.640 m.

Ólafsfjarðarmegin var ekki unnið á stafni vegna þess að verktaki var enn uppiskroppa með efni til bergþéttinga. Í stað þess var unnið við endanlegar bergstyrkingar. Lengd ganga þeim megin er því óbreytt eða um 1.812 m.

Samanlögð lengd ganga er nú um 4.452 m sem er 42,1% af heildarlengd.



Samtals er búið að sprengja 4.452 m sem er 42,1% af heildarlengd.



Auglýsingar útboða

Hringvegur (1) um Hrútafjarðarbotn 06-017

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Hringvegar um Hrútafjarðarbotn. Um er að ræða um 6,9 km kafla af Hringvegi frá Brú að Brandagili, um 1,6 km langa tengingu við Djúpveg auk um 1,2 km af öðrum tengingum.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	17.000 m ³
Fylling og fláafleygar	123.700 m ³
Neðra burðarlag	33.400 m ³
Efra burðarlag	17.100 m ³
Steinröraræsi	57 m
Plaströraræsi	169 m
Stálröraræsi	292 m
Tvöföld klæðing	74.500 m ²
Rofvarnir	4.500 m ³
Uppsetning bitavegríða	1.020 m
Uppsetning víravegríða	450 m
Frágangur fláa	128.000 m ²
Girðingar	8.200 m

Útlögn klæðingar skal lokið fyrir 15. september 2008.

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 29. október 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 13. nóvember 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Hringvegur (1) um Hrútafjarðarbotn


Hér er auglýst útboð á nýjum vegi um Hrútafjarðarbotn. Hann tengist nýrri brú sem nú er verið að byggja yfir Hrútafjarðará. Nú er farið yfir ána á brú sem er við veitingaskálan Brú en að henni er kröpp og varasöm beygja. Nýr vegur heldur áfram vestanmegin við ána og þverar Hrútafjarðarbotn nokkru norðar. Á vegarkaflanum sem nú leggst af sem hluti Hringvegar er einnig brú á Síka sem er síðasta einbreiða brúin á milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Brúin yfir Síká í Hrótafirði er síðasta einbreiða brúin á Hringvegi (1) milli Reykjavíkur og Akureyrar. Með nýjum vegi og brú yfir Hrótafjarðar á verður leiðin ekki lengur um þessa brú.





Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls – Bunguflói

Hér er auglýst útboð nýbyggingar á hluta Norðausturvegar til Vopnafjarðar. Kaflinn byrjar við enda bundins slitlags á syðsta hluta Norðausturvegar sem nær að Hringvegi. Nýr vegur liggur austar og nær að þeim stað í Bunguflóa þar sem ný veglína sker núverandi veg. Framhald vegagerðar á þessum stað er enn í matsferli.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Auglýsingar útboða

Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls – Bunguflói

07-019

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu 11,2 km kafla Norðausturvegar (85) frá Brunahvammshálsi að Bunguflóa.


Helstu magntölur eru:

Bergskering	11.200 m ³
Fylling og fláafleygar	230.200 m ³
Neðra burðarlag	50.000 m ³
Efra burðarlag	19.000 m ³
Stálröraræsi	800 m
Tvöföld klæðing	84.600 m ²
Frágangur fláa	236.600 m ²

Útlögn klæðingar skal að fullu lokið fyrir 15. september 2008. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 29. október 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 13. nóvember 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.



Yfirlit yfir útboðsverk


Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár		
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08		
07-091 Auðsholtsgöngvegur (340), um Syðra Langholt	07		
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	07		
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	07		
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Herdísarvík - Þorlákshafnarvegur	07		
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	07		
07-086 Strandavegur (643), Djúpvogur - Drangnesvegur	07		
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07		
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07		
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07		
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07		
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07		
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07		
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07		
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07		
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07		
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07		
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07		
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07		
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07		
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	29.10.07	13.11.07	
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	29.10.07	13.11.07	
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur	15.10.07	06.11.07	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	
07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	08.10.07	23.10.07	
07-030 Skeiða- og Hrunamanna- vegur (30), Skipholt - Foss	17.09.07	02.10.07	
07-082 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Lón - Raufarhöfn	30.07.07	14.08.07	
07-080 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96)	30.07.07	14.08.07	
07-083 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Raufarhöfn - Fell	30.07.07	14.08.07	
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	30.07.07	14.08.07	
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	16.07.07	31.07.07	

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakkí - Hringvegur Guðmundur Vilhelmsson	02.10.07	19.10.07
07-078 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Djúpvogur - Höfn SG vélar ehf., Djúpvogur	14.08.07	12.10.07
07-079 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Breiðdalsvík - Djúpvogur, Axarvegur SG vélar ehf., Djúpvogur	14.08.07	12.10.07
07-077 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Höfn - Örnefi Ólafur Halldórsson, Hornafirði	14.08.07	12.10.07



Fáið NORDIC ókeypis

Vegagerðin stendur að útgáfu „Nordic Road and Transport Research“ ásamt rannsóknarstofnunum norrænu vegagerðanna. Ritið kemur út þrisvar á ári og er gefið út á ensku. Markmiðið með útgáfunni er að segja fréttir af rannsóknum er snúa að samgöngumálum í víðu samhengi og koma þeim til þeirra sem stunda rannsóknir og þeirra sem taka ákvarðanir í samgöngumálum. Og til allra sem áhuga hafa á málaflökknum. Kynna má sér ritið á netinu, netfangið er: www.nordicroads.com

Áskrift er ókeypis. Þeir sem ekki fá NORDIC nú þegar gefst kostur á því með því að senda póst með upplýsingum á: gpm@vegagerdin.is